



ÁRSSKÝRSLA 2024

FRUMKVÆÐI SAMSTARF

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

Tilgangur félagsins er að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með uppbyggingu þekkingarsamfélags

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starfsemi Háskólafélags Suðurlands hefur verið að færast í fastari skorður og við lok ársins 2024 var undirritaður nýr samningur við Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið sem fól í sér umtalsverða hækkun á framlögum, í hlutfalli við vaxandi verkefni og fjölda þjónustuþega. Við árslok voru starfsgildi félagsins 4,5 í heildina, þar af 1,5 fyrir FabLab Selfoss. Samningurinn gefur félaginu hins vegar svigrúm til þess að skoða framhaldið og finna tækifæri til enn frekari eflinga, sunnlensku samfélagi til heilla.

Pegar þetta ávarp er skrifað hef ég sagt starfi mínu lausu sem framkvæmdastjóri félagsins, til þess að taka að mér annað hlutverk innan sunnlensk samstarfs. Ég er óendalega þakklát þeim tækifærum sem ég hef fengið á þessum vettvangi og því trausti sem mér hefur verið sýnt af stjórn, starfsfólki og samstarfsaðilum þessi rúmu 12 ár sem ég starfað á fyrir Háskólafélag Suðurlands. Við höfum vaxið og dafnað með hverju árinu sem endurspeglast í fjölgun nemenda, stærri verkefnum og öflugra samstarfi, bæði innanlands og utan. Ég skil sátt við gott bú og óska félaginu áframhaldandi velgengni og gæfu.

Ingunn Jóns

Selfossi, apríl 2025

Apríl 2025

Útgefandi:
Háskólafélag Suðurlands

Ritstjóri:
Ingunn Jónsdóttir

Texti og próförk:
Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
Magnús St. Magnússon



SKÝRSLA STJÓRNAR

Stjórnarfundir árið 2024 voru tveir talsins sem er óvenju fátt, en þeir voru engu að síður vel nýttir til samráðs. Aðalfundur félagsins var haldinn 23. apríl og var líkt og undanfarin ár blanda af fjar- og staðfundi. Það fyrirkomulag hefur komist á að desember fundur stjórnar er svo kallaður vinnufundur, en þá er tekinn um hálfur dagur til þess að fara yfir verkefni félagsins og ræða hugmyndir um áherslur og framtíð.

Stjórn félagsins skipuðu um áramót Sveinn Aðalsteinsson formaður, Soffía Sveinsdóttir skólameistari FSu sem tók sæti Olgu Lísu Garðarsdóttur fyrrverandi skólameistara, Helga Þorbergsdóttir ritari, Sigurður Þór Sigurðsson, Sigurður Markússon, Sæunn Stefánsdóttir og Huguína Harpa Reynisdóttir.

Háskólafélag Suðurlands var stofnað 19. desember 2007 og er í eigu 14 sveitarfélaga á Suðurlandi auk Sambands sunnlenskra sveitarfélaga. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi, með því að reka þekkingarnet sem felur í sér að:

- miðla háskólanámi í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi og í samvinnu við íslenska og erlenda háskóla
- sérsauma endurmenntun sem hæfir atvinnulífinu, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra
- samhæfa og styrkja rannsóknir í fjórðungnum með því að auka samvinnu rannsóknarstofnana og fyrirtækja
- leita eftir og miðla erlendri þekkingu með samvinnu við erlenda aðila á sviði menntunar og rannsókna

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS ER

Hornsteinn að þekkingarneti Suðurlands



Frumkvöðlasetur



Menntahvöt



Visindasjóður



Nemendajónusta



FabLab Selfoss

MANNAUÐUR



BERGLIND SIGMUNDSDÓTTIR

Verkefnastjóri í 50% starfi. Sinnir verkefnum tengdum rannsóknum og þróun. Er í færðingarorlofi.



ELÍNBORG INGIMUNDARDÓTTIR

Þjónustufulltrúi í 50% starfi. Sinnir nemendapjónustu félagsins auk tilfallandi verkefna.



HELGA KRISTÍN SÆBJÖRNSDÓTTIR

Verkefnastjóri í fullu starfi. Hóf störf í febrúar 2024 sem afleysing. Sinnir verkefnum tengdum rannsóknum og þróun ásamt Atvinnubró og Vísinda- og rannsóknarsjóði.



INGUNN JÓNSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri í fullu starfi. Heldur utan um daglegan rekstur félagsins, öflun verkefna og fjármagns auk þess að leiða stefnumótun og framtíðar uppbyggingu.



MAGNÚS ST MAGNÚSSON

Forstöðumaður FabLab smiðju í fullu starfi. Hefur umsjón með daglegum rekstri smiðjunnar auk þess að sinna kennslu og þjálfun í öllu sem snýr að FabLab hugmyndafræðinni.



MARGRÉT POLLY HANSEN HAUKSDÓTTIR

Verkefnastjóri í fullu starfi. Sinnir verkefnum tengdum nýsköpunarstarfi og rekstri Hreiðursins. Hóf störf í Desember 2024.



ÞURÍÐUR INGVARSDÓTTIR

Tæknifulltrúi FabLab smiðju í 50% starfi. Hefur umsjón með grunnskólahluta smiðjunnar auk þess að sinna kennslu og þjálfun í öllu sem snýr að FabLab hugmyndafræðinni.

HÁSKÓLA-, IÐNAÐAR- OG NÝSKÖPUNAR- RÁÐUNEYTI

Undanfarin misseri hefur verið unnið að gerð nýs samnings við Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og í lok ársins 2024 gekk það eftir með undirritun samnings sem gildir til þriggja ára og verður endurskoðaður að þeim tíma liðnum. Samningurinn felur í sér hækkun á grunnframlagi til félagsins og byggir á nýrri nálgun um annars vegar „grunn“ og hinsvegar „sókn“ í þremur áherslumálum ráðuneytisins. Út frá þeirri nálgun verða settir upp mælikvarðar um árangur. Í ljósi aukinnar áherslu HVIN á að HfSu verði leiðandi í nýsköpunarstarfi á starfsvæði félagsins og að það taki þátt í mótun nýsköpunarumhverfis og frumkvöðlastarfs, stuðli að/hvetji til nýsköpunar með verkefnum, fræðslu og viðburðum hefur verið ráðið í stöðu verkefnastjóra nýsköpunar og frumkvöðlaseturs.

NEMENDAÞJÓNUSTA

Í Fjölheimum er starfrækt viðurkennd prófþjónusta fyrir nemendur, auk þess sem þeir eru með aðgang að lesstofu og aðstöðu til hópavinnu. Árið 2024 voru prófskráningar 1191 frá 389 einstaklingum. Flestir þeirra stunda nám í háskólum landsins þó alltaf séu nokkrir sem nýta sér þjónustuna til þess að taka próf á vegum framhaldsskóla, auk þess sem nemendur í erlendum háskólum nýta sér einnig prófþjónustu félagsins.

Mikil áhersla er á að tryggja nemendum á Suðurlandi þá aðstöðu sem þarf til þess að sækja nám án þess að þurfa að flytjast búferlum og því öll áhersla lögð á að veita framúrskarandi þjónustu. Einn liður í því er að leggja fyrir **þjónustukannanir** og veita þannig nemendum tækifæri til þess að segja sína upplifun og hafa áhrif.



MOLAR ÚR STARFSEMINNI

SASS / BYGGÐAÐRÓUNAR FULLTRÚI

Háskólafélag Suðurlands fer með hlutverk svokallaðs Byggðarþróunarfulltrúa fyrir neðri hluta Árnessýslu. Verkefnið felast í ráðgjöf og utanumhaldi vegna Uppbyggingarsjóðs Suðurlands fyrir umsækjendur á því svæði. Auk þess er byggðarþróunarfulltrúi til ráðgjafar um aðra styrkjarmöguleika og/eða fjármögnunarleiðir, eða annað sem þjónustuþegi vantar aðstoð við.

Einnig sinnir Byggðarþróunarfulltrúi sérstökum svæðisbundnum verkefnum fyrir þau sveitarfélög sem heyra undir hans vinnusóknarsvæði sem í tilfalli Háskólafélagsins eru Ölfus, Hveragerði, Árborg og Flóahreppur.

ATVINNUSTEFNA / N.HL ÁRNESSÝSLU

Sem dæmi um svæðisbundin verkefni má nefna sameiginlega atvinnustefnu fyrir sveitarfélögin Árborg, Flóahrepp og Hveragerði en sú vinna fór af stað árið 2024 og verður gefin út vorið 2025. Vinnan hefur verið mjög markviss og góð, og meðal annars innifalið rafræna íbúakönnun og opna íbúafundi í hverju sveitarfélagi. Byggðarþróunarfulltrúi félagsins hélt utan um vinnuna en auk þess voru í vinnuhópnum tveir fulltrúar hvers sveitarfélags og fundaði hópurinn reglulega á meðan vinnunni stóð. Til viðbótar naut hópurinn aðstoðar Hafdísar Huldar Björnsdóttur frá RATA við úrvinnslu gagna og framsetningu stefnunnar.



FJÖLHEIMAR ÞEKKINGARSAMFÉLAG

Höfuðstöðvar félagsins eru í Fjölheimum á Selfossi en þar eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur sem og lesstofa og hópinnuaðstaða fyrir nemendur, auk funda- og viðtalsherbergja.

Háskólafélagið er formlegur leigutaki húsnæðisins sem er alls 1620 fermetrar og er í eigu Sandvíkurseturs ehf, fasteignafélagi í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Háskólafélagið og Fræðslunetið eru stærstu notendur hússins, en þar er einnig að finna aðra starfsemi svo sem Birtu starfsendurhæfingu og Markaðsstofu Suðurlands.

Framkvæmdastjóri Háskólafélagsins heldur utan um rekstur þekkingarsamfélagsins í Fjölheimum sem telur hátt á þriðja tug starfsmanna, og sinnir þjónustu við hundruð nemanda, bæði í framhaldsfræðslu og á háskólastigi, en þekkingarsetrið sem slíkt nýtur engra styrkja frá opinberum aðilum.

Frekari upplýsingar um starfsemi Fjölheima má nálgast inni á fjolheimar.is

Húsnæðismál þekkingarsamfélagsins hafa áfram verið til umræðu árið 2024, en Árborg framlengdi leigusamning vegna Fjölheima til tveggja ára. Háskólafélagið leiðir hóp um samstarsverkefni sem miðar að uppbyggingu nýs þekkingarseturs, þar sem ljóst er að ákveðin óvissa ríkir um húsnæði Fjölheima, meðal annars vegna kostnaðar við viðhald. Hópurinn samanstendur af fulltrúum stéttarféлага á Suðurlandi og fulltrúum notenda/leigjenda í Fjölheimum. Vinnan er í fullum gangi og skilar vonandi niðurstöðu á næstu misserum.



MOLAR ÚR STARFSEMINNI

SAMTÖK ÞEKINGARSETRA / SÞS

Háskólafélag Suðurlands er eitt af þeim setrum sem mynda Samtök þekkingarsetra (SÞS), en á þeim vettvangi er unnið að þróun þekkingarsamfélaga á landsbyggðinni.

Aðilar að samtökunum eru alls sjö talsins og staðsett víðsvegar um landið. Þetta eru: Nýheimar þekkingarsetur, Austurbrú, Þekkingarnet Þingeyinga, Þekkingarsetur Suðurnesja, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Háskólafélag Suðurlands og Þekkingarsetur Blönduósi – Textílmíðstöð Íslands

Aðalfundur SÞS var haldinn á Húsavík 27. - 28. ágúst 2024 og var að þessu sinni nýttur til þess að fara yfir hagsmunamál samtakanna, mögulega samstarfsfleti og samvinnuverkefni. Rætt var um hlutverk samtakanna varðandi óstaðbundin störf, en setrin eru kjörinn vettvangur til að koma fyrir slíkum störfum.

Eins voru drög að nýjum samningum við Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið rædd og sú nálgun sem þar er lögð til. Setrin voru sammála um að halda áfram að berjast sameiginlega fyrir hagsmunum þekkingarsetra á landsbyggðinni.

Nánar má kynnas sér Samtök þekkingarsetra og starfsemi hverst setur á heimasíðu samtakanna hér: [Samtök þekkingarsetra](#)



MOLAR ÚR STARFSEMINNI

VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR

Hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs var haldinn 15. Febrúar 2024 og var það í fyrsta sinn sem fundurinn er alfarið í höndum Háskólafélagsins eftir að það tók við umsýslu sjóðsins árið áður.

Sjóðurinn er alfarið rekinn með styrkjum frá sunnlenskum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem saman mynda stolt bakland og myndarlegan stuðning við námsmenn sunnlenskra verkefna.

Að þessu sinni bárust sjö umsóknir til sjóðsins en stjórnin ákvað að þessu sinni að verðlaunum skyldi skipt milli tveggja verkefna, sem tengjast Suðurlandi vel. Bæði verkefnin eru jafnvel að verðlaununum komin og titillinn og heiðurinn skiptist jafnt. Styrkþegar sjóðsins fyrir árið 2023 eru þær Guðbjörg Ósk Jónsdóttir og Méline Payet-Clerc, báðar doktorsnemar við Háskóla Íslands.

Nánar má lesa um verkefnin, styrkþegana og [hátíðarfundinn hér](#) sem og allar upplýsingar um [Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands](#).

FABLAB SELFOSS

FabLab smiðjan í FSU/Hamri á Selfossi vex og dafnar með hverju árinu. Um mitt ár 2024 jókst starfshlutfall tæknifulltrúa úr 25% í 50% vegna aukinna verkefna og mætti ekki minna vera. Samningur Háskólafélagsins við HVIN vegna FabLab var einnig endurnýjaður og því grunnurinn í rekstrinum traustur enn um sinn. Nánari upplýsingar um starf smiðjunnar má finna á [Facebook síðu](#) hennar.



MOLAR ÚR STARFSEMINNI

HREIÐRIÐ FRUMKVÖÐLASETUR

Hreiðrið frumkvöðlasetur er verkefni á vegum Háksólafélagsins þar sem boðið er upp á bæði aðstöðu og aðstoð fyrir frumkvöðla sem vinna að nýsköpun í vörum og þjónustu. Hreiðrinu er ætlað að taka utan um frumkvöðla og leiða þá áfram í sinni nýsköpun með ráðgjöf og leiðögn í samstarfi við SASS og annað stuðningsumhvergi nýsköpunar. Í kjölfar nýs samnings við Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið var verkefnastjóri nýsköpunar og frumkvöðlaþjónustu ráðinn til starfa sem hefur yfirumsjón með ráðgjöf og fræðslu til frumkvöðla, auk þess að vinna náið með Byggðaþróunarfulltúum og FabLab smiðjum.

Rýmið sem hýsir Hreiðrið var uppfært í lok árs með fjórum nýjum skrifborðum auk þess sem rýmið var aðlagð betur að þörfum frumkvöðla.

Nánar má kynna sér fyrirkomulag setursins hér





HÁSKÓLAFÉLAG
SUÐURLANDS

Ársskýrsla 2024